

Starfsskilyrði frumkvöðla á Íslandi



„Þetta er annað ritið sem Samtök iðnaðarins (SI) gera í samvinnu við Iðn- og atvinnurekendasamtök Evrópu (UNICE) og varðar starfsskilyrði atvinnulífsins hér á landi. Það er framhald rits sem kom út á síðasta ári og ber nafnið „Mælikvarðar á samkeppnishæfni Íslands og annarra Evrópuríkja.“ Það rit var gefið út í samvinnu við VSÍ.

Meginmarkmiðin með þessu riti eru:

- Að auka vitund um mikilvægi frumkvöðla og starfs þeirra fyrir lífsskjör þjóðarinnar.
- Að benda á leiðir sem stjórnvöld ættu að fara til að bæta starfsskilyrði frumkvöðla hér á landi og efla þar með starf þeirra.

Reynt er að draga fram hvað hindrar starf frumkvöðla og leitað er svara við spurningunni um það hvernig megi ryðja þeim hindrunum úr vegi.“



Iðn- og atvinnurekendasamtök Evrópu
The Union of Industrial and Employers' Confederations of Europe
Rue Joseph II 40/4 • B - 1000 Brussel - Bte 4

Sími: (00) 32 2 2376511 • Bréfsími: (00) 32 2 2311445
Netfang: main@unice.be



Húsi iðnaðarins • Hallveigarstíg 1
Pósthólf 1450 • 121 Reykjavík

Sími: 511 5555 • Bréfsími: 511 5566
Tölvupóstfang: mottaka@si.is
Heimasíða: www.si.is

Starfsskiýrði frumkvöðla á Íslandi



Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	3
<i>Inngangur</i>	4
<i>I. Frumkvöðlar móta lífskjörin</i>	6
■ Lífskjör og verðmætasköpun	
■ Umsvif frumkvöðla	
<i>II. Frumkvöðlar þurfa stöðugleika</i>	12
■ Stöðugt verðlag	
■ Stöðugt gengi og lágir og stöðugir vextir	
<i>III. Frumkvöðlar þurfa rými og léttar byrðar</i>	16
■ Stærð og umfang hins opinbera	
■ Skattbyrði	
<i>IV. Frumkvöðlar þurfa samkeppnishæfa fjármálaþjónustu</i>	22
■ Opinn og virkur fjármagnsmarkaður	
■ Samkeppnishæfar fjármálastofnanir	
<i>V. Frumkvöðlar þurfa virka markaði vöru og þjónustu</i>	28
■ Möguleikar tækninnar	
■ Nýir markaðir	
■ Að hefjast handa	
■ Samkeppnishæf vara og þjónusta	
<i>VI. Frumkvöðlar þurfa samkeppnishæft vinnuafli</i>	38
■ Stöðugur og samkeppnishæfur launakostnaður	
■ Sveigjanleiki	
■ Umbun vinnuframlags	
<i>Lokaorð</i>	47

Formáli

Flestir eru sammála um að auka þurfi þau verðmæti sem vinna þjóðarinnar skapar. Það sé nauðsynleg forsenda þess að bæta hér lífskjör varanlega. Einungis þannig er hægt að hækka laun og auka arðsemi fyrirtækja. Starf frumkvöðla er forsenda þessa. Búa þarf frumkvöðlum lífvænleg skilyrði til atvinnureksturs og nýsköpunar hér á landi. Starfsskilyrði, sem virkja frumkvæði einstaklingsins, eiga að vera forgangsverkefni stjórnvalda.

Þetta er annað ritið sem Samtök iðnaðarins (SI) gera í samvinnu við Iðn- og atvinnurekendasamtök Evrópu (UNICE) og varðar starfsskilyrði atvinnulífsins hér á landi. Það er framhald rits sem kom út á síðasta ári og ber nafnið „Mælikvarðar á samkeppnishæfni Íslands og annarra Evrópuríkja.“ Það rit var gefið út í samvinnu við VSÍ.

Meginmarkmiðin með þessu riti eru:

- Að auka vitund um mikilvægi frumkvöðla og starfs þeirra fyrir lífskjör þjóðarinnar.
- Að benda á leiðir sem stjórnvöld ættu að fara til að bæta starfsskilyrði frumkvöðla hér á landi og efla þar með starf þeirra.

Reynt er að draga fram hvað hindrar starf frumkvöðla og leitað er svara við spurningunni um það hvernig megi ryðja þeim hindrunum úr vegi.

Önnur lönd Evrópu sem og Bandaríkin eru eðlilegt viðmið í þessum efnum. Í Bandaríkjunum er starf frumkvöðla mikið. Þeim er búinn sveigjanlegur og virkur markaður fyrir

vöru, þjónustu, fjármagn og vinnuafl. Umsvif hins opinbera eru lítil og skattbyrðin létt. Í mörgum ef ekki allflestum löndum Evrópu er þessu öfugt farið. Þar er starfsemi frumkvöðla lítil, markaðir lítt sveigjanlegir, umsvif hins opinbera mikil og skattbyrði þung. Samanburðurinn gefur vísbendingu um hverju stjórnvöld þurfa að breyta vilji þau efla starf frumkvöðla hér á landi.

Skýrslan er staðfærð útgáfa af skýrslu sem vinnuhópur innan UNICE vann undir formennsku Per Magnus Wijkman, aðalhafgræðings sænsku iðnrekendasamtakanna. Breska ráðgjafafyrirtækið Business Decisions Limited undir stjórn Bruce Ballantine var vinnuhópnum til halds og trausts. Ingólfur Bender, hafgræðingur Samtaka iðnaðarins, tók virkan þátt í starfi hópsins, staðfærði og þýddi skýrsluna. Ég vil þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra framlag.

Að lokum hvet ég stjórnvöld til að hefja án tafar aðgerðir til samræmis við þær niðurstöður sem fram koma í þessari skýrslu.



*Haraldur Sumarliðason,
formaður Samtaka iðnaðarins*

Inngangur

Hver vinnustund hér á land gefur af sér minni verðmæti en í flestum þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Ef þessu væri öðruvísi farið hefði þjóðin meiri tekjur, fleiri frístundir eða hvort tveggja. Lítil verðmætasköpun á vinnustund merkir að þjóðin býr við lakari lífsgæði en ella. Ein helsta ástæða þessa er ófullnægjandi starfsumhverfi sem frumkvöðlum hefur verið búið hér á landi á undangnum árum og áratugum.

Í frumkvöðlum býr drifkraftur breytinga. Hæfileiki þeirra til að bregðast við nýjum tækifærum er uppspretta bættra lífskjara þjóðarinnar. Frumkvöðlar skapa ný og arðvænlegri fyrirtæki og betur launuð störf. Starf þeirra á sér ýmis birtingarform, m.a. í nýjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem og nýsköpun innan stórra fyrirtækja.

Í Bandaríkjunum hafa margir frumkvöðlar mikil umsvif. Flestir mælikvarðar á fjölda og umsvif frumkvöðla bera þess vitni að þau séu nokkru minni hér á landi. Ein meginástæðan er sú að starfsskilyrði fyrirtækja hér á landi hvetja frumkvöðla síður til athafna en í Bandaríkjunum. Dæmi um þetta:

- Óstöðug starfsskilyrði auka áhættu í rekstri.
- Mikil útgjöld hins opinbera, háir skattar, skuldir þess og íhlutun í atvinnurekstri hindrar einkaframtakið í að njóta sín og dregur úr hvötum til fjárfestinga, sköpun verðmæta og starfa.

- Fjármálastofnanir eru ekki færar um að veita fyrirtækjum samkeppnishæfa þjónustu og einna síst þeim sem hafa í huga að leggja í áhættusaman rekstur.
- Markaðshindranir eru of miklar og möguleikar takmarkaðri fyrir nýja vöru og þjónustu eða nýjar aðferðir við dreifingu og tækni.
- Takmörkuð samkeppni á mörgum sviðum, oft að tilstuðlan hins opinbera, hefur valdið því að kostnaður við framfærslu og mikilvæg aðföng er of mikill.
- Tengsl launa og framleiðni eru ekki næg.

Hver þessara þátta dregur úr möguleikum frumkvöðla sem vilja láta reyna á hugmyndir sínar hér á landi. Samanlagt sýnir þetta og sannar að okkur hefur ekki tekist sem skyldi að skapa starfsumhverfi sem hvetur frumkvöðla til athafna. Margir frumkvöðlar eru meðal íslensku þjóðarinnar en hún þarf fleiri slíka.

Þegar leitað er leiða til að bæta starfsumhverfi fyrirtækja hér á landi má margt læra af Bandaríkjamönnum. Þar með er ekki sagt að íslensk stjórnvöld ættu að herma í einu og öllu eftir því sem stjórnvöld gera í Bandaríkjunum. Við búum að mörgu góðu sem þróast hefur með þjóðinni í tímans rás. Það ber að varðveita. Tilgangurinn með þessari skýrslu er að leita bestu leiðanna hvar sem þær er að finna, í löndum Evrópu, í Bandaríkjunum eða öðrum heims hlutum.

Til að bæta starfsskilyrði frumkvöðla þurfa stjórnvöld m.a. að:

Draga úr umsvifum hins opinbera og almennri skattbyrði.

- Draga úr rekstrarútgjöldum hins opinbera.
- Auka hagkvæmni í opinberum rekstri.
- Gera lög og reglur eins einfaldar og skýrar og unnt er.
- Lækka skatthlutföll og breikka skattstofna.
- Auka skilvirkni og hagræði í allri eftirlitsstarfsemi.

Afnema lög og reglur sem hindra samkeppni.

- Afnema einokun í skjóli laga og draga hið opinbera út úr samkeppni.
- Afnema hömlur á nýliðun fyrirtækja.
- Hvetja til notkunar nýrrar tækni og aðferða.
- Afnema lög og reglur sem hamla samkeppni á mörkuðum vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafls.

Viðhalda sveigjanleika vinnumarkaðar.

- Viðhalda sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar.
- Tryggja möguleika einstakra fyrirtækja til að breyta vinnutilhögun.
- Tryggja að engar hömlur séu á gerð launa- eða vinnustaðasamninga.

Efla anda fyrirtækjarekstrar.

- Ýta undir velvild í garð atvinnurekstrar.
- Efla skilning á gildi frumkvöðla fyrir lífskjör þjóðarinnar.
- Draga úr refsingum fyrir mistök.
- Efla menntun í raungreinum og viðskiptafræðum á öllum skólastigum.

Stjórnvöld mega ekki undanskilja neinn þessara þátta. Vilji þau auka umsvif frumkvöðla og bæta lífskjör í landinu verða þau að tryggja lífvænleg starfsskilyrði á öllum sviðum fyrirtækjarekstrar. Aukin verðmætisköpun fyrirtækjanna bætir lífskjör íslensku þjóðarinnar.



*Sveinn Hannesson,
framkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins*

I. Frumkvöðlar móta lífskjörin


■ Lífskjör og verðmætasköpun

Verðmætasköpun og vinnustundafjöldi eru lykilmælikvarðar þegar meta á efnahagslega velferð þjóðarinnar. Saman mynda þeir einn mælikvarða á lífskjör hennar. Sá mælikvarði segir hvað þjóðin þarf að fórnna miklum tíma til að afla sér viðunandi tekna.

Af öllum aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) var Ísland í 18. sæti yfir landsframleiðslu á vinnustund árið 1998. Er þá tekið tillit til ólíks verðlags í löndunum 29. Þetta merkir að þau verðmæti, sem ein vinnustund skapar hér á landi, eru ekki nema 64% af því sem vinnustundin gefur af sér í Lúxemborg, 75% þess sem hún gefur af sér í Frakklandi og 86% af því sem stundin gefur af sér í Bandaríkjunum og Þýskalandi svo að dæmi séu tekin. Munurinn merkir að við höfum lægri heildartekjur, minni frítíma eða hvort tveggja en þær þjóðir sem við viljum helst bera okkur saman við.

Landsframleiðsla (PPP) á vinnustund

í krónum (1998)



Heimild: IMD „The World Competitiveness Yearbook 1999“


„Fái frumkvæði einstaklingsins að njóta sín skilar það þjóðinni bættum lífskjörum.“

Ekki skal dregin dul á að vinnuframlag þjóðarinnar skapar meiri verðmæti um þessar mundir en oft áður. Milli árána 1997 og 1998 færðist Ísland upp um tvö sæti í áður-nefndum OECD samanburði og upp fyrir Japani og nágrenna okkar Svía. Gætir þar eflaust áhrifa frá bættum starfsskilyrðum fyrirtækja hér á landi en þau hafa á síðustu árum nálgast það sem keppinautar í nálægum löndum búa við. Má þar nefna að með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hefur hagkerfið færst í átt til aukins frjálsræðis og alþjóðavæðingar. Þá er samkeppnin orðin virkari og rekstrarskilyrðin betri en áður var samhliða stöðugu verðlagi.

Eftir stendur að hér á landi er verðmætasköpun hvernar vinnustundar í slöku meðal-lagi. Þetta markar lífskjör þjóðarinnar og úr því þarf að bæta. Með mikilli fyrirhöfn, víðtækri atvinnuþátttöku og löngum vinnutíma tekst þjóðinni að skipa sér meðal þeirra sem hafa hvað mesta landsframleiðslu eða verðmætasköpun á mann. Árið 1997 var þjóðin í sjötta sæti meðal OECD ríkja að þessu leyti. Til þess fórnar hún frítíma sínum og þeim verðmætum sem í honum felast. Það kostar þjóðina því meira að afla sömu tekna en til að mynda Bandaríkjamenn, sem eru í öðru sæti á þessum lista, eða íbúa í Lúxemborg sem eru efstir.

Landsframleiðsla (PPP) á mann

í þúsundum króna (1997)



Heimild: IMD „The World Competitiveness Yearbook 1999“

► Þau verðmæti, sem þjóðin aflar með vinnu sinni, eru of lítil. Hér á landi gefur vinnustundin minna af sér en í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Þetta bitnar á tekjum þjóðarinnar og frítíma.

■ Umsvif frumkvöðla

Það er vandkvæðum bundið að meta framlag starfsemi frumkvöðla. Hér eru notaðir nokkrir mælikvarðar sem líta má á sem nálgun. Saman gefa þeir vísbendingu um hversu mikil starfsemi frumkvöðla er hér á landi.

■ Tæknistig og frumkvöðlar


Frumkvöðlar eru megin drifkraftur vaxtar í mörgum hátæknigreinum. Einn mælikvarði á umsvif frumkvöðla í fortíðinni er hlutfeld hátæknigreina í framleiðslu hvers lands.

Hátækniframleiðsla er mjög lítil hér á landi. Einungis 1,3% af framleiðslustarfsemi í landinu er í hátækni. Til hátækni er þá talin lyfjaframleiðsla, framleiðsla flugvéla, skrifstofuvéla, tölva, útvarps- og sjónvarpstækja ásamt öðrum tækjum er tengjast upplýsingatækni. Í aðildarlöndum ESB er þetta hlutfall 10% en 16% í Bandaríkjunum og 15% í Japan.

Ef lítið er til upplýsingatækniöndunarins einvörðungu er umfang hans hér á landi, sem hlutfall af landsframleiðslu, þriðjungi minna en í Bandaríkjunum. Mest byggist starfsemin á þjónustu. Aðeins 2,5% þeirra verðmæta, sem greinin skapar hér á landi, eru upprunnin í framleiðslu. Þetta er um 0,1% þjóðartekna og mun lægra hlutfall en í Bandaríkjunum sem og í mörgum löndum Evrópu.

Verðmætasköpun fyrirtækja í hátækniframleiðslu

Hlutfall af verðmætasköpun allra fyrirtækja í framleiðslu (1997)



Heimild: OECD, DSTI (STAN Industrial Database) (1998)


Lágt tæknistig innlendar framleiðslu kemur fram á fleiri mælikvörðum. Á áratugnum frá 1987 til 1996 var arðsemi eigin fjár fyrirtækja í framleiðslu hér á landi ekki nema fjórðungur þess sem hún var í löndum ESB og einn sjötti hluti þess sem hún var í Bandaríkjunum þ.e.a.s. 2% samanborið við 8,2% og 12,1%. Þetta er umtalsverður munur og endurspeglar að einhverju leyti þá staðreynd að verðmætasköpun bæði vinnuafls og fjármagns er meiri í hátækni-framleiðslu en annarri framleiðslu.

Mikil nýliðun fyrirtækja er mikilvæg því að hún ber þess merki að frumkvöðlar láta reyna á hugmyndir sínar í rekstri. Að gefnu brottfalli boðar ríkuleg nýliðun komu þróttmikilla fyrirtækja. Brottfallið getur hins vegar verið mismunandi milli landa og er ekki síst háð undirbúningi, t.d. gerð viðskiptaáætlana. Einnig er mismunandi hversu vel starfsumhverfið hlúir að vaxtarbroddunum. Hér er engu að síður haldgöð vísbending um þann frumkvöðlaanda sem í þjóðinni býr.

Á þennan mælikvarða stendur þjóðin sig vel og betur heldur en Bandaríkjamenn, Japanir og aðildarþjóðir ESB að meðaltali. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að það tímabil, sem miðað er við, má telja til samdráttarskeiðs í hagsögu okkar Íslendinga, þ.e. árin 1988 til 1994. Ný fyrirtæki voru 12,4% af öllum fyrirtækjum á þessum árum. Meðal þjóða Evrópu var hlutfallið einungis hærra hjá Bretum.

Stofnun nýrra fyrirtækja

Ný fyrirtæki sem hlutfall af öðrum fyrirtækjum 1988-1994



Heimild: The European Observatory for SMEs (1996)

- ▶ Engin ein ástæða er fyrir því að lífskjör þjóðarinnar eru ekki betri en raun ber vitni. Engu að síður má leiða að því sterkar líkur að orsökina megi rekja til þess starfsumhverfis sem frumkvöðlum hefur verið búið hér á landi á síðustu árum og áratugum.

■ Fjárfestingar og frumkvöðlar


Fjárfesting fyrirtækja í áþreifanlegum og óáþreifanlegum eignum er að hluta afleiðing frumkvöðlastarfssemi. Fjárfestingar í atvinnurekstri gefa þannig vísendingar um drifkraft í atvinnulífinu og þar með umsvif frumkvöðla.

Fjárfesting fyrirtækja er vísending um hæfileika þeirra til að auka framleiðni, þ.e. verðmætasköpun á vinnustund. Nýjar fjárfestingar skapa einnig tækifæri fyrir frumkvöðla því að þær auka umsvif í hagkerfinu og skapa markaði fyrir nýjar vörur og þjónustu.

Fjárfesting fyrirtækja hér á landi var að meðaltali 8,2% af landsframleiðslu á tímabilinu frá 1992 til 1997. Þetta er mjög lítið í alþjóðlegum samanburði. Í aðildarríkjum ESB var hlutfallið 11,3% á sama tíma, 9,8% í Bandaríkjunum og 17,8% í Japan.

Fjárfesting fyrirtækja

sem hlutfall af landsframleiðslu 1992-1997



Heimild: OECD


- Til að bæta lífskjör þjóðarinnar þurfa stjórnvöld að bæta starfsskilyrði frumkvöðla. Fáir frumkvæði einstaklingsins að njóta sín skilar það þjóðinni bættum lífskjörum.

Rannsóknar- og þróunarstarfsemi (R&Ð) skapar tækninýjungar í samfélaginu. Þótt frumkvöðlar hafi aðgang að hugmyndum hvaðanæva að úr heiminum sýna rannsóknir mikla fylgni milli þess hvar hugmyndin verður til og hvar hún er fénytt.

Hér á landi voru fjárfestingar fyrirtækja í R&Ð ekki nema 0,6% af landsframleiðslu árið 1997. Til samanburðar voru fjárfestingar fyrirtækja í Japan 2% af landsframleiðslu, 2% í Bandaríkjunum og 1% í aðildarlöndum ESB að meðaltali sama ár. Munurinn heldur sér en röðin breytist þegar borin er saman fjárfesting í R&Ð á hvern íbúa. Á þann mælikvarða er fjárfesting íslenskra fyrirtækja í R&Ð tæplega 24% af því sem hún er í Bandaríkjunum, 30% af því sem hún er í Japan og 62% af því sem hún er í ESB löndunum að meðaltali. Í þessum samanburði er leiðrétt fyrir misháu verðlagi í löndunum. Ísland kæmi enn verr út ef fjárfestingum fyrirtækja í R&Ð væri deilt niður á vinnustundir.

Útgjöld fyrirtækja til R&Ð

sem hlutfall af landsframleiðslu (1997)



Heimild: OECD, EAS (MSTI Database) 1998

- ▶ Ekki er til einn mælikvarði á umsvif frumkvöðla í atvinnulífinu. Allt bendir hins vegar til að nægilegt frumkvæði búi með þjóðinni en nokkuð hefur skort á að það hafi fengið notið sín og borið ávöxt sem skyldi.

II. Frumkvöðlar þurfa stöðugleika

Í þessum kafla er fjallað um leiðir til að auka stöðugleika í verðlags-, gengis- og vaxtamálum svo að draga megi úr óvissu í ytra umhverfi frumkvöðla.

Stöðugt og hvetjandi efnahagslegt umhverfi er mikilvægt fyrir starfsemi frumkvöðla. Í þessu felst að stöðugt verðlag og gengi samhliða stöðugum og lágum vöxtum eru nauðsynlegar forsendur fyrir miklum umsvifum frumkvöðla.

Hægt er að fullyrða að á þessum áratug hafi íslenskt efnahagslíf notið meiri stöðugleika í verðlagsmálum en um margra áratuga skeið. Við upphaf áratugarins náðist verðbólgan niður fyrir tveggja stafa tölu og hefur haldist þar síðan. Þrátt fyrir nokkrar breytingar í gerð og umgjörð hagkerfisins er enn fyrir hendi hætta á verðbólgu á borð við þá sem var á síðasta áratug. Allan vara verður því að hafa á svo að grundvellingnum verði ekki kippt undan þeim lífskjarabata sem áunnist hefur á þessum áratug.

Vextir hér á landi eru mun hærri en í helstu viðskiptalöndunum. Að baki býr óttinn við að efnahagsmistök liðinna áratuga verði endurtekin. Ófullnægjandi árangur hins opinbera í að halda aftur af innlendri þenslu, bæði nú og í fortíð, kemur fram í þessum mun innlendra og erlendra vaxta. Fyrirtækjum hér á landi eru þannig búin lakari samkeppnisskilyrði en erlendum keppinautum. Aukið traust markaðarins á hagstjórn hins opinbera myndi bæta stöðuna. Það er stjórnvalda að skapa þetta traust.

„... stöðugt verðlag og gengi samhliða stöðugum og lágum vöxtum eru nauðsynlegar forsendur fyrir miklum umsvifum frumkvöðla.“

■ Stöðugt verðlag


Þróun neysluverðsvísitölu segir til um þær verðbreytingar í hagkerfinu sem innlendir aðilar þurfa að takast á við. Með samanburði á vísitölunni milli landa má sjá hvort innlend fyrirtæki búa við minni eða meiri stöðugleika en keppinautarnir.

Liðir einkaneyslunnar hér á landi hafa á þessum áratug hækkað að meðaltali um 4,1% á ári. Þetta er mun meiri verðbólga en í helstu viðskiptalöndum okkar en þar hefur hún verið 2,6% að meðaltali. Mestu skiptir að verðbólgan var mikil í upphafi áratugarins, 14,8% árið 1990 og 6,8% árið eftir. Þetta sýnir hvað stutt er síðan verðbólgan mældist í tveggja stafa tölu hér á landi.

Það er áhyggjuefni að verðbólgan hefur verið að aukast undanfarið og vex enn ef spár OECD og fleiri aðila ganga eftir. Á þessu ári verður verðbólgan 2,3% og 3,8% árið 2000 samkvæmt spá OECD. Finnst þar eflaust mörgum varlega spád. Hins vegar er ljóst að þær verðhækkningar, sem innlendir neytendur búa við um þessar mundir, eru öllu meiri en neytendur í helstu viðskiptalöndum okkar þurfa að þola. Þetta er óviðunandi ástand sem veikir samkeppnisstöðu íslensks efnahagslífs. Þegar við bætist sterk króna er gengið á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Það lýsir sér helst í því að innlendir liðir vísitölu neysluverðs hafa hækkað að undanfögnu um 3-5% á ársgrundvelli á sama tíma og erlendir liðir hafa lækkað um nær 2%. Hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum, sérstaklega þeim, sem eiga í hvað mestri verðsamkeppni við erlenda aðila, hefur hagnaðurinn minnkað.

Verðþróun einkaneyslu

Breyting í % á milli ára



Heimild: OECD

Einkaneysla er ekki nema hluti af landsframleiðslunni. Á milli skilur fjárfesting, samneysla og viðskiptajöfnuðurinn. Verðbreytingar í hagkerfinu geta því verið aðrar en þær sem verðvísitala einkaneyslu sýnir. Sú er raunin bæði þegar litið er yfir þennan áratug og allra síðustu misseri. Að því gefnu að spá OECD fyrir árið 1999 gangi eftir mun verðvísitala landsframleiðslu hækka um 5,0% á þessum áratug í samanburði við 2,9% í helstu viðskiptalöndum okkar. Árið 1997 hækkaði verðvísitala landsframleiðslu um 3,3% og um 5,2% árið 1998. Þetta er samanlagt nær þrefalt meiri hækkun en í helstu samkeppnislöndum okkar.


Í þessum miklu hækkunum undanfarin misseri vega þungt riflegar hækkanir á opinberri þjónustu eða samneyslunni svokölluðu. Milli áranna 1997 og 1998 var hækkunin tæplega 11% og á þessu ári er því spáð að hún verði tæplega 7%. Þetta er augljóslega langt umfram það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur og sýnir umfram annað aðhaldsleysi hins opinbera í launamálum sem er til þess fallið að kæfa frumkvæði einstaklingsins.

■ Stöðugt gengi og lágir og stöðugir vextir

Þróun á mun innlendra og erlendra vaxta segir til um hættuna á gengisbreytingu og vantraust markaðarins á efnahagsstefnunni. Flest það, sem ræður stöðugleikanum, s.s. fjármál hins opinbera, kemur því fram í mun innlendra og erlendra vaxta. Munurinn er því haldgóð vísending um það hvort innlendir aðilar búa við svipaðan stöðugleika og erlendir samkeppnisáðilar.

Væntingar og óvissa gegna lykilhlutverki í ákvörðun vaxta á markaði. Vegna væntinga um þróun gengis krónunnar og óvissu um varanleika og árangur efnahagsstefnunnar hafa ítrekaðar vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands á undanförunum misserum, að viðbættum vaxtalækkunum erlendis, kallað fram yfir 5 prósentustiga mun innlendra og erlendra skammtíavaxta. Vextirnir eru 8,6% hér á landi en 3,6% í helstu viðskiptalöndum okkar. Munurinn er einnig mikill þegar litið er á langtíavexti og hefur aukist undanfarin misseri. Hér á landi eru langtíavextir 8,8% og helmingi hærrí en í helstu viðskiptalöndum okkar. Háir vextir vega að samkeppnisstöðu frumkvöðla hér á landi.

Munur innlendra og erlendra skammtímvaxta



Heimild: The Economist, REUTER og Seðlabanki Íslands.

Vegna þess hve illa hefur gengið að halda aftur af þenslu í íslensku efnahagslífi, bæði í nútíð og fortíð, greiða innlendir aðilar mun hærri vexti en erlendir keppinautar. Íslenska krónan á sér langa sögu rýrnandi verðgildis gagnvart helstu gjaldmiðlum og vegur sú saga þungt í mati erlendra fjárfesta á kostum þess að fjárfesta hér á landi. Áhættumat þeirra kemur fram í hærri vöxtum til íslenskra fyrirtækja en erlendra. Innlendum fyrirtækjum hefur ekki verið tryggður nægjanlegur stöðugleiki. Það bitnar á þeim í keppninni um hið alþjóðlega fjármagn.

- ▶ Íslenskum fyrirtækjum þarf að búa sama stöðugleika í starfsskilyrðum og erlendum keppinautum. Óstöðugleiki dregur úr umsvifum frumkvöðla og verðmætasköpun.
- ▶ Stöðugleiki dregur úr óvissu og áhættu og er því frumforsenda aukinna umsvifa frumkvöðla og vaxandi verðmætasköpunar. Stjórnvöld þurfa að hafa stöðugleikann sem sitt markmið í hagsjórn. Tryggja þarf stöðugt verðlag og gengi samhliða lágum og stöðugum vöxtum.

III. Frumkvöðlar þurfa rými og léttar byrðar

Í þessum kafla verður bent á leiðir til að léttja þær byrðar sem hið opinbera leggur á frumkvöðla.

Stjórnvöld geta ekki látið einstök fyrirtæki ganga vel en þau geta orðið til þess að þeim vegni illa. Almennt er viðurkennt að einkarekstur sé hagkvæmari en opinber rekstur. Engu að síður eru stjórnvöld enn í umfangsmiklum rekstri hér á landi. Umsvif þeirra í atvinnurekstri eru svo mikil að magnið eitt dregur úr umfangi einkarekstrar og starfsemi frumkvöðla. Með miklum umsvifum tekur hið opinbera til sín framleiðsluþætti sem ella nýttust einkarekstrinum til verðmætasköpunar. Hin miklu útgjöld hins opinbera og þung skattbyrði, sem þeim fylgir, draga úr frumkvæði og atorku einstaklingsins í atvinnulífinu.

■ Stærð og umfang hins opinbera


Kostnaður við samneyslu og önnur útgjöld hins opinbera að viðbættum skuldum þess er vísbending um stærð hins opinbera og að hve miklu leyti það fyllir rými einkarekstrar á markaðinum.

Það er uggvænlegt hvað rekstrarútgjöld hins opinbera hafa vaxið hratt hér á landi á undangengum árum og áratugum. Fyrir um þremur áratugum var samneyslan, sem hlutfall af landsframleiðslu, ekki nema um helmingur þess sem hún er nú. Hlutfallið er 22% og hefur ekki í annan tíma verið hærra hér á landi. Hlutfallið er að hækka þrátt fyrir góðan hagvöxt undangengin ár. Sömu sögu má segja um vægi hins opinbera á vinnumarkaði hér á landi. Hið opinbera hefur á sínum snærum yfir fimmtung vinnuafslsins og fer það hlutfall hækkandi. Það veldur áhyggjum að eina aðhaldið, sem stjórnvöld virðast geta beitt, snýr að fjárfestingum.

„Hin miklu útgjöld hins opinbera og þung skattbyrði, sem þeim fylgir, draga úr frumkvæði og atorku einstaklingsins í atvinnulífinu.“

Samneysla

sem hlutfall af landsframleiðslu (1998)




Heimild: OECD

Heildarútgjöld hins opinbera hér á landi nema um 36% af landsframleiðslunni. Þetta hlutfall hefur lækkað nokkuð frá því að það náði sögulegu hámarki árið 1989. Því ber að fagna. Hins vegar tekur hið opinbera enn til sín mun hærra hlutfall landsframleiðslunnar en t.d. í Bandaríkjunum þar sem hlutfallið er um 31%. Í þessum samanburði njótum við góðs af lágum útgjöldum til varnarmála, lífeyris- og atvinnuleysistrygginga. Við njótum þess að vera fá, ung og með atvinnu.

Skuldir hins opinbera

sem hlutfall af landsframleiðslu (1998)



Heimild: OECD

Lántökur úr hófi hafa skapað skuldabyrði sem bætir vaxtagreiðslum við útgjöld hins opinbera. Þetta íþyngir atvinnulífinu.

Hér á landi vega skuldir hins opinbera um helming af landsframleiðslu. Í erlendum samanburði er staða okkar nokkuð góð að þessu leyti. Í Bandaríkjunum er hlutfallið 57% og margar þjóðir standa enn ver að vígi. Til að mynda er skuldahlutfallið á Ítalíu 119%. Þó eru til lönd sem standa betur en við. Í Lúxemborg er hlutfall skulda hins opinbera 7% af landsframleiðslu.

Frá árinu 1995 hefur skuldahlutfallið farið lækkandi hér á landi. Það er hins vegar enn mun hærra en það var við upphaf áratugarins en þá mældist það um 37% af landsframleiðslu og ef litið er aftur til ársins 1980 nam hlutfallið 25%. Á tæpum tveimur áratugum hafa skuldirnar því tvöfaldast sem hlutfall af landsframleiðslu.

► **Íslensk stjórnvöld þurfa að draga úr útgjöldum sínum, auka hagkvæmni í rekstri og minnka skuldir.**

- **Stjórnvöld þurfa að huga sérstaklega að rekstrarútgjöldum sínum. Mikilvægt er að þau greini hlutverk sitt sem greiðanda en ekki veitanda opinberrar þjónustu. Nýta þarf kosti einkarekstrar til að auka hagkvæmni með einkavæðingu og útboðum. Til að mynda má bjóða út rekstur eða einstaka rekstarþætti hjá heilbrigðis- og menntastofnunum. Reynslan sýnir að með þessu má ná fram verulegri og varanlegri hagræðingu.**
- **Stjórnvöld ættu enn frekar að þróa aðferðir til að bera saman hagkvæmni rekstrar milli stofnana í samræmi við það sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Með slíkum samanburði má hjálpa stjórnendum stofnana að tileinka sér aðferðir sem leiða til mestrar hagkvæmni.**
- **Stjórnvöld þurfa að stefna markvisst að greiðslu skulda. Með því má draga úr vaxtabyrði og lækka skattbyrði atvinnulífsins. Setja þarf í lög skýr markmið í þessum efnum. Sérstaklega þarf að festa í lög til hversu mikilla skuldbindinga sveitarfélög mega stofna umfram það sem borið verður af árlegum tekjum.**

■ Skattbyrði

Skattar leggja byrðar á einstaklinga og fyrirtæki og draga úr framtaki frumkvöðla og vilja til fjárfestinga.

Hér á landi voru skatttekjur hins opinbera 32% af landsframleiðslu árið 1997. Til samanburðar voru skatttekjur hins opinbera í löndum ESB að meðaltali 42% af landsframleiðslu og 30% í Bandaríkjunum og Japan á sama tíma.


Heildartekjur hins opinbera eru hærri en þessar tölur gefa til kynna. Ástæðan er sú að ekki eru taldar með arðgreiðslur og eignatekjur eða sektir en færa má rök fyrir því að slíkt teljist til dulinnar skattheimtu. Heildartekjur hins opinbera hér á landi voru 36% af landsframleiðslu árið 1997 í samanburði við 32% í Bandaríkjunum og 46% í aðildarríkjum ESB.

Vert er að nefna að með skatttekjum hins opinbera hér á landi eru ekki talin tryggingagjöld í sama mæli og víðast annars staðar. Ef leiðrétt er fyrir þessu með því að undanskilja tryggingagjöldin sést að skatttekjur hins opinbera hér á landi eru svipaðar og að meðaltali í ríkjum ESB, tæplega 30%. Þær eru nær þriðjungu hærri en í Bandaríkjunum.

Háir skattar draga úr framtaki einstaklinga og þar með frumkvæði þeirra til verðmætasköpunar. Reynslan sýnir að hvarvetna í heiminum vaxa verðmætin hraðar þar sem skattbyrði er haldið í skefjum.

Skatttekjur hins opinbera

sem hlutfall af landsframleiðslu (1997)



Heimild: OECD

► **Stjórnvöld þurfa að draga úr skattbyrði hér á landi. Þau þurfa einnig að skapa betra jafnvægi milli hins opinbera og einkageirans.**


Margir frumkvöðlar telja að megin ávinningur þeirra felist í verðmæti þess fyrirtækis sem þeir hafa byggt upp. Sumir frumkvöðlar innleysa þennan ávinning með sölu fyrirtækisins. Aðrir vilja arfleiða börn sín að rekstrinum. Skattlagning ræður að stórum hluta arðsemi fyrirtækja og þeim fjárhagslega ávinningi sem frumkvöðlar fá fyrir framtak sitt. Þegar fyrirtæki er selt hér á landi tekur hið opinbera tæplega 34% af söluverðmætinu í skatta og gerist vart hærra í öðrum löndum Evrópu. Að meðaltali er skattlagning þessi rúmlega 18% í aðildarríkjum ESB og tæplega 10% í Bandaríkjunum eða innan við þriðjungur þess sem hér tíðkast.¹

Hér er einungis um eitt dæmi að ræða sem lýsir þungri skattbyrði íslenskra fyrirtækja. Fleiri dæmi mætti nefna. Tekjuskattshlufall fyrirtækja hér á landi er 30% og mun hærra en í löndunum í kringum okkur. Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er hlutfallið 28%. Í Bretlandi er hlutfallið 21% og áætlanir eru uppi um að lækka það í 20%. Einungis í fimm aðildarlöndum OECD er lagður eignarskattur á fyrirtæki og hvergi í sama mæli og hér. Úr þessu þarf að bæta ef skapa á fyrirtækjum hér á landi svipuð starfsskilyrði og samkeppnishæfni þeirra í nálægum löndum.

¹ Þessir útreikningar byggjast á líkani af litlu framleiðslufyrirtæki og sýna því ekki endilega skattlagningu fyrirtækja almennt.

Skattlagning við sölu fyrirtækis

sem hlutfall af söluverðmæti þess (1998)




Heimild: UNICE

► **Stjórnvöld þurfa að léttu skattbyrði fyrirtækja og einstaklinga. Breikka þarf skattstofna og draga úr mismunun í skattkerfinu. Varast ber sýndarlausnir sem felast í því að færa til skattbyrðina. Skattkerfið þarf að vera þannig úr garði gert að það örvi samkeppnishæfni fyrirtækja og laði fjárfesta hingað til lands.**

Framfærslubyrði

Hlutfallið á milli þeirra sem standa innan og utan einkarekstrar (1997)



Heimild: SAF

Hér á landi þarf hver starfsmaður í einkageiranum að standa undir 0,8 fullorðnum utan einkageirans. Þetta hlutfall er viðlíka hér á landi og í Bandaríkjunum en lægra en víðast hvar í Evrópu. Í aðildarlöndum ESB, svo að dæmi sé tekið, er þetta hlutfall 1,5 að meðaltali.

Minni framfærslubyrði hér en víðast annars staðar stafar af því að fjöldi starfa, sem þjóðast, hentar aldursamsetningu þjóðarinnar vel. Víða í Evrópu er meðalaldur

hærri en hér og störf í einkageiranum hlutfallslega færri. Má hér nefna lönd eins og Spán og Svíþjóð en þar er hlutfallið milli þeirra, sem standa utan einkageirans og hinna, sem starfa í honum, 1,9. Ástandið er enn verra í Portúgal en þar er hlutfallið 2,1. Fyrir utan Ísland er ástandið að þessu leyti hvað best í Bretlandi en þar er hlutfallið 1,0.

- ▶ **Tryggja þarf að skattkerfið sé einfalt, hagkvæmt og skilvirkt. Afnema þarf t.d. það tvöfalda kerfi neysluskatta sem hér er við lýði með því að leggja niður vörugjald en taka í þess stað upp einfalda þrepaskiptingu í einu virðisaukaskattkerfi. Einfalt og skilvirkt kerfi dregur úr undanskotum og svartri atvinnustarfsemi.**
- ▶ **Stjórnvöld þurfa að lækka tekjuskatta og afnema eignarskatta. Fleiri dæmi mætti nefna. Þessum lækkunum verða stjórnvöld hins vegar að mæta með auknu aðhaldi. Það gagnar ekkert að færa skattbyrðina til.**
- ▶ **Skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja þarf að standast samanburð við skattkerfi helstu samkeppnislanda. Svo er ekki. Eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja eru t.d. hvergi í aðildaríkjum OECD hærri en hér á landi. Sömu sögu má segja um stimpilgjald.**

IV. Frumkvöðlar þurfa samkeppnishæfa fjármálaþjónustu

Í þessum kafla verður litið á leiðir til að auka samkeppnishæfni fjármálaþjónustu hér á landi svo að hún verði betur til þess fallin að efla umsvif frumkvöðla.

Góð og fjölbreytt fjármálaþjónusta á samkeppnishæfum kjörum er frumkvöðlum mikilvæg. Slík þjónusta felst í lánaþyrirgreiðslu, áhættufjármögnun og sérfræðiaðstoð svo að eitthvað sé nefnt.

Frumkvöðlar þarfnast ólíkrar fjármögnunar eftir því á hvaða stigi í þróunarferlinu fyrirtæki þeirra er. Þegar frumkvöðlar taka fyrstu skref sín í atvinnurekstri er áhættufjármögnun mikilvæg. Rannsóknir sýna að á þessum tíma í ferlinu er fjármögnunin byggð á sparnaði frumkvöðlanna sjálfra, fjölskyldna eða vina.

Á síðari vaxtarstigum er algengt að fyrirtæki fjármagni sig með kyrrsettum hagnaði. Lán af ýmsum toga veга engu að síður þungt. Mörg fyrirtæki og einkum á sviðum, sem krefjast mikils rannsóknar- og þróunarstarfs, verða að reiða sig á ytri (áhættu-) fjármögnun í miklum mæli. Mikilvægi slíkrar fjármögnunar eykst einnig í réttu hlutfalli við vaxtarhraða fyrirtækisins.

Fjármagnsmarkaðurinn hér á landi hefur eflst mjög á undanförunum árum. Hann býr innlendum fyrirtækjum að mörgu leyti samþærilegar aðstæður og fyrirtækjum í nágrennalöndunum. Hlutabréfamarkaðurinn hér á landi er hins vegar enn mjög vanþroska. Skráð fyrirtæki eru fá og veltan lítil. Einnig er kostnaður bankakerfisins alltof hár. Hvort tveggja veikir samkeppnisstöðu innlendra frumkvöðla og fyrirtækja þeirra, ekki síst þeirra litlu.

„Margar og smáar fjármálastofnanir og opinbert eða sameiginlegt eignarhald á þeim hefur valdið kostnaðar- og vaxtamun sem er með því mesta sem þekkist meðal aðildarríkja OECD.“

OECD Economic Surveys Iceland 1998

Opinn og skilvirkur fjármagnsmarkaður

Forsenda þess að í boði sé samkeppnishæf fjármálaþjónusta er að fjármagnsmarkaðurinn sjálfur sé opinn og skilvirkur. Að öðrum kosti fær samkeppnin ekki skilað því besta í fjölbreytni, verði og gæðum.

Fjármagnsmarkaðurinn hér á landi hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Markaðurinn er opinn fyrir erlendum áhrifum og samkeppni. Frelsi til markaðsaðgerða er jafnvel meira en á mörgum öðrum fjármálamörkuðum Evrópu. Þetta sýna m.a. niðurstöður könnunar sem UNICE lét gera í ýmsum Evrópulöndum.

Í niðurstöðum könnunar UNICE kemur fram að í mörgum löndum Evrópu eru í lögum eða reglugerðum settar einhverjar takmarkanir á fjármagnsflutninga lítilla og meðalstórra fyrirtækja milli reikninga í heimalandi og reikninga í öðrum löndum. Hér á landi eru ekki lengur slíkar takmarkanir. Að sama skapi er fyrirtækjum frjálst að gefa út skammtíma viðskiptapappíra hér á landi. Svo er ekki til að mynda í Danmörku, Grikklandi, Hollandi og Ítalíu svo að einhver evrópsk dæmi séu nefnd. Einnig er innlendum fjármálastofnunum frjálst að fjárfesta í slíkum pappírnum sem gefnir eru út af erlendum fyrirtækjum. Svo er ekki í mörgum löndum Evrópu.

Niðurstöður könnunar UNICE sýna að nokkrar takmarkanir eru á fjárfestingum fjármálastofnana í hlutabréfum erlendra

Aðgerðir á fjármagnsmarkaði

Hindranir í lögum eða reglugerðum (1998)

	Flutningur á fjármagni milli landa	Útgáfa viðskiptapappíra	Fjárfesting í viðskiptapappírnum	Fjárfesting í erlendum áhættu skuldabréfum	Bein fjárfesting í erlendum fyrirtækjum sem ekki eru á skráð á markaði	Bein fjárfesting í erlendum áhættufjárfestingasjóðum	
Bandaríkin	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Bandaríkin
Austurríki	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Verulegar lagalegar hindranir	Austurríki
Belgía	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Belgía
Danmörk	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Danmörk
Finnland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Finnland
Þýskaland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Þýskaland
Grikkland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Grikkland
Ísland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Ísland
Írland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Írland
Ítalía	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Verulegar lagalegar hindranir	Ítalía
Holland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Holland
Noregur	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Noregur
Portúgal	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Verulegar lagalegar hindranir	Portúgal
Spánn	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Verulegar lagalegar hindranir	Spánn
Svíþjóð	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Svíþjóð
Tyrkland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Tyrkland
Bretland	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Engar lagalegar hindranir	Bretland

■ Engar lagalegar hindranir ■ Einhverjar lagalegar hindranir ■ Verulegar lagalegar hindranir

fyrirtækja sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði og í erlendum fjármagnsfyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkum áhættufjárfestingum. Þessar takmarkanir finnast að einhverju leyti í tilskipunum ESB og markast svigrúm okkar til tilslökunar af því.

Virkur hlutabréfamarkaður er frumkvöðlum mikilvægur og skiptir framþróun efnahagslífsins miklu máli. Slíkur markaður skapar nauðsynlega fjölbreytni í fjármögnunarmöguleikum og gefur frumkvöðlum og fjármagnseigendum kost á að losa fjármuni út úr fyrirtækjum sínum. Virkur hlutabréfamarkaður skapar aðhald og auðveldar samrunaferli innan og milli greina. Einnig skiptir markaðurinn miklu máli jafnt fyrir verðandi frumkvöðla og sparifjáreigendur með því að veita þeim fjölbreytta sparnaðarmöguleika. Síðast en ekki síst er virkur hlutabréfamarkaður, með ríkri þátttöku almennings, til þess fallinn að auka almennan skilning á fyrirtækjarekstri. Virkur hlutabréfamarkaður eflir því starf frumkvöðla.


Hlutabréfamarkaðurinn hér á landi er ungur að árum og veltan enn mjög lítil í alþjóðlegum samanburði. Að meðaltali var veltan á eftirmarkaði Verðbréfaþings Íslands tæpar 40 þúsund krónur á mann á árunum 1996-1998. Til samanburðar var veltan á hlutabréfamörkuðum í Bandaríkjunum tæpar 2 milljónir króna á hvern mann, rúm milljón í Svíþjóð og um 600 þúsund í Norgei. Í alþjóðlegum samanburði er veltuhraði á íslenskum hlutabréfamarkaði einnig mjög lítil. Sem hlutfall af markaðsvirði var hann 5,5% í lok árs 1998 samanborið við 50-75% annars staðar á Norðurlöndum svo að dæmi sé tekið.

Hlutabréfamarkaðurinn hefur vaxið ört hér á landi. Árið 1997 var veltan á eftirmarkaði á Verðbréfaþingi Íslands um 13,3 milljarðar króna en rúmur milljarður árið 1993. Veltan var þá orðin 48 þúsund krónur á hvern íbúa. Milli árána 1997 og 1998 dróst veltan hins vegar saman um 0,6 milljarða króna. Hér er líklega einungis um tímabundinn

- ▶ **Stjórnvöld þurfa að vinna áfram að því að efla skilvirkni hins íslenska fjármagnsmarkaðar. Einkum þarf að huga að því hvernig megi auka veltu og viðskipti hlutabréfamarkaðarins.**
- ▶ **Fjármagnsmarkaðurinn hér á landi hefur tekið stór framfaraskref á þessum áratug. Markaðurinn er nú opinn fyrir erlendum áhrifum og samkeppni. Hann er orðinn dýpri og skilvirkari en áður.**

Viðskipti á hlutabréfamarkaði

á hvern íbúa að meðaltali á ári í þúsundum króna 1996-1998



Heimild: Morgan Stanley

afturkipt að ræða. Viðskiptin voru í lok júní 1999 orðin meiri en allt árið 1997. Því eru horfur á mikilli aukningu milli árána 1998 og 1999. Það bætti upp samdráttinn milli árána 1997 og 1998 að utanþings viðskipti jukust. Heildarvelta skráðra félaga jókst úr 23,5 milljörðum króna í tæpa 32 milljarða króna. Strax í maí 1999 voru utanþings viðskiptin orðin rúmlega þriðjungi meiri en allt árið 1998. Því horfir einnig til verulegrar aukningar í þessum viðskiptum.

Í lok árs 1997 var 51 félag skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Nú eru þau 72 talsins, 48 á Aðallista og 24 á Vaxtalista. Fjölgun fyrirtækja á markaðinum er skref í rétta átt. Með auknum fjölda fyrirtækja fjölga valkostum, viðskipti aukast og verðlagning verður virkari. Með auknum fjölda fyrirtækja fæðist einnig áhugi erlendra fjárfesta á markaðinum. Það er því verðugt verkefni að reyna að hraða þessu ferli, fjölga fyrirtækjunum og auka veltuna á markaðinum.

- ▶ **Hlutabréfamarkaður hefur verið í mikilli mótun hér á landi á síðustu árum. Markaðsvirði og velta félaga hafa vaxið hratt. Markaðurinn er hins vegar enn mjög lítill og vanþroskaður í samanburði við erlenda markaði. Aðbúnaður íslenskra fyrirtækja er því verri en erlendra að þessu leyti. Með stærri og virkari hlutabréfamarkaði skapast fleiri möguleikar fyrir innlenda og erlenda fjárfesta, fjármögnunarmöguleikar fyrir vaxandi fyrirtæki og aukinn skilningur almennings á atvinnulífínu.**


■ Samkeppnishæfar fjármála- stofnanir

Aðgangur að ýmiss konar þjónustu fjármálastofnana er frumkvöðlum lífsnaðsyn. Þjónusta fjármálastofnana þarf því að vera samkeppnishæf við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur.

Mikillar hagræðingar er þörf í íslenska bankakerfinu. Þetta sýna tölurnar. Gjaldtakan er há en arðsemin lítil. Að meðaltali er munur inn- og útlánsvaxta hér á landi 9,6 prósentustig en 2,9 í Bandaríkjunum. Af öðrum Norðurlöndum er vaxtamunurinn mestur í Danmörku, 5 prósentustig en þar á eftir kemur Svíþjóð með 4,5 prósentustig sem er meira en helmingi minni munur en hér á landi.

Vaxtamunur bankanna

Útlánsvextir að frádregnum innlánsvöxtum (1998)



Heimild: IMD „The World Competitiveness Yearbook 1999“

- ▶ Íslensk stjórnvöld þurfa að draga úr þátttöku sinni á fjármálamarkaðinum. Einna helst þurfa þau að koma bönkunum í hendur fjárfesta sem vilja sjá og styðja hagræðingu. Einnig er nauðsynlegt að tryggja þátttöku sparisjóðanna í því samrunaferli sem á sér stað á fjármálamarkaði.

Sömu sögu segja aðrir mælikvarðar á samkeppnishæfni bankakerfisins hér á landi. Vaxtamunurinn er helsta tekjulind íslenska bankakerfisins. Í hlutfalli af vaxtaberandi eignum í lok árs var vaxtamunurinn 3,9% árið 1997 hér á landi. Í Danmörku var munurinn tæp 2% og rúm 1,5% í Svíþjóð. Munurinn er um og yfir helmingur.

Vaxtamunur hefur lækkað nokkuð í íslenska bankakerfinu á undanförunum árum. Þeirrar þróunar hefur hins vegar einnig gætt í nágrannalöndum okkar. Til að mynda var vaxtamunurinn í Svíþjóð 2% árið 1994 en er áætlaður 1,3% í ár. Gætir þar áhrifa ört vaxandi samkeppni sem hefur leitt til sameiningar og hagræðingar í bankakerfinu um alla Evrópu.

Hér á landi fer stærri hluti tekna bankakerfisins í rekstur en í löndunum í kringum okkur. Hlutfallið er um 70% en 65% í Danmörku og 55% í Svíþjóð svo að einhver lönd séu talin. Því er ljóst að rekstrarkostnaður íslenskra banka verður að lækka eigi þeir að geta veitt samkeppnishæfa fjármálaþjónustu samhliða viðunandi afkomu í framtíðinni. Sömu sögu má segja um sparisjóðina tuttugu og sjö.

- ▶ Óhagræðið í íslensku bankakerfi er mikið. Eigi íslenska bankakerfið að geta veitt þjónustu á samkeppnishæfum kjörum er ekki nóg að hagræða heldur þarf að hagræða í ríkari mæli en keppnautarnir gera. Að öðrum kosti verður forskot erlendra banka seint unnið upp.
- ▶ Líkt og margir hafa bent á og ekki síst erlendar stofnanir á borð við OECD er ástæðu þessa óhagræðis í bankakerfinu einna helst að leita í opinberu eignarhaldi. Leiðin í átt til aukinnar hagkvæmni og samkeppnishæfni felst því öðru fremur í einkavæðingu.

V. Frumkvöðlar þurfa virka markaði vöru og þjónustu

Í þessum kafla verða skoðaðar leiðir til að efla virka samkeppni á mörkuðum fyrir vöru og þjónustu hér á landi sem eru ein forsenda árangursríks starfs frumkvöðla.

Frumkvöðlar skapa verðmæti með því að fullnægja þörfum neytenda. Umfang og eðli eftirspurnarinnar er því ein mikilvægasta forsenda þess að umsvif frumkvöðla skili góðum árangri. Virkir og opnir markaðir ryðja einstaklingunum brautina til nýbreytni og framfara í atvinnulífinu.

Frumkvöðlar sækja nauðsynlega vöru og þjónustu á markaði. Fyrirtæki, ekki síst þau sem eru lítil og meðalstór, byggja starfsemi sína að miklu leyti á aðkeyptri vöru og þjónustu.

Umbreyting nýrrar tækniþekkingar í vöru og þjónustu, sem neytendur vilja kaupa, er lykilþáttur í starfsemi frumkvöðla. Íslenska hagkerfið er vanþróaðra að þessu leyti en mörg önnur hagkerfi.

Tækifæri, sem byggjast á nýrri þjónustu, nýjum aðferðum við dreifingu og nýrri upp-

lýsingatækni, eru einnig færri hér á landi en í mörgum öðrum hagkerfum, s.s. hinu bandaríska. Fyrir þessu eru nokkrar ástæður. Stjórnvöld hafa tilhneigingu til að stjórna markaðinum um of með lögum og reglum. Samkeppni milli fyrirtækja — driffjöldur fjárfestinga í nýrri tækni — er ekki eins mikil hér á landi og í mörgum öðrum löndum.

Íslenskir neytendur eru nýjungagjarnir og vilja gjarnan reyna nýja vöru. Innlendir framleiðendur eru einnig óragir við að nýta sér það nýjasta í tækni í rekstrinum.

Íslenskir frumkvöðlar mæta meiri hindrunum af hálfu hins opinbera þegar þeir sækja á markaði utan síns nánasta umhverfis en frumkvöðlar víðast í Evrópu og í Bandaríkjunum. Hins vegar er kostnaðurinn, tíminn og fjármagnið, sem þarf til að stofna einkahlutafélag hér á landi, minni en víða annars staðar.

Kostnaður vegna margra lykilþátta í starfsemi fyrirtækja er aftur á móti hærri hér á landi en í flestum öðrum löndum. Ein meginástæða þessa er skortur á samkeppni og frelsi á innlendum mörkuðum sem fyrirtæki byggja á við innkaup á vöru og þjónustu.

„Virkir og opnir markaðir ryðja einstaklingunum brautina til nýbreytni og framfara í atvinnulífinu.“

Möguleikar tækninnar


Umbreyting vísindalegra uppgötvana frá grunnrannsóknnum yfir í markaðsverðmæti er vísbending um samkeppnishæfni. Slík hagnýting krefst lifandi vísindasamfélags og þess að fjármagninu sé beint á rétta staði.

Sköpun nýrrar þekkingar í vel þróuðum hagkerfum veltur á réttum fjárfestingum í grunnvísindum. Mikið af slíkri starfsemi á sér stað innan háskóla og stofnana og er fjármagnað af hinu opinbera.

Þegar reiknað er á hvern íbúa kemur í ljós að útgjöld æðri menntastofnana til rannsókn- og þróunarstarfa (R&Ð) hér á landi eru yfir meðaltali ESB ríkjanna. Árið 1997 voru þessi útgjöld 7 þúsund krónur hér á landi samanborið við rúmlega 5.300 krónur að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Í Bandaríkjunum eru útgjöldin á mann hins vegar um þúsund krónum hærra en hér á landi.

Útgjöld æðri menntastofnana til R&Ð

á hvern íbúa í þúsundum króna (1997)




Heimild: OECD

- ▶ Hér á landi þarf að endurskoða ráðstöfun fjármagns til rannsókn- og þróunarstarfs æðri menntastofnana. Einnig þarf að taka til skoðunar það ferli sem á að breyta vísindastarfi í markaðsverðmæti.
- ▶ Ekki er hægt að segja annað en að útgjöld hins opinbera til rannsókn- og þróunarstarfs æðri menntastofnana hér á landi sé umtalsvert. Hins vegar ættu stjórnvöld að láta kanna hvernig það fjármagn, sem nú þegar er varið til þessara mála, geti gefið þjóðinni meiri arð.

Umsóknir íbúa um einkaleyfi

Fjöldi á hverja tíuþúsund íbúa (1996)



Heimild: OECD

► **Stjórnvöld ættu að hvetja til samstarfs háskóla og fyrirtækja í því augnamiði að efla þá hugsun að rannsókn- og þróunarstarf eigi að leiða til nýsköpunar vöru og þjónustu.**

Útgjöldin til rannsókn- og þróunarstarfa eru hins vegar til lítills ef þau skila engum verðmætum og bæta ekki kjör þjóðarinnar. Því þurfa að fara saman flæði fjármagns í rannsóknir, sem líklegar eru til að gefa eitt-hvað af sér, og ferli sem sér til þess að úr uppfinningum skapist markaðsverðmæti. Fjöldi innlendra umsókna um einkaleyfi er vísbending um hversu vel hefur tekist til í þessu efni.

Umsóknir Íslendinga um einkaleyfi eru ekki fjórðungur af því sem þær eru að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Þetta er umhugsunarefni þar sem útgjöld til R&D æðri menntastofnana á hvern íbúa eru rúmlega 30% hærri hér á landi en að meðaltali í ríkjum ESB. Umsóknir um einkaleyfi eru ekki nema 15% af því sem Bandaríkjamenn geta státað af þó að útgjöld til rannsókn- og þróunarstarfa æðri menntastofnana séu tæplega 90% af því sem þau eru í Bandaríkjunum á hvern íbúa.

Þessi tölulegi samanburður er vísbending um það að annaðhvort fer fjármagnið í R&D æðri menntastofnana hér á landi sem ekki gefur neitt af sér eða að eitthvað er að því ferli sem ætti að öðru jöfnu að gera markaðsvæna vöru eða þjónustu úr niðurstöðum þessa starfs. Má vera að hér sé um að kenna ónógu samstarfi háskóla og fyrirtækja. Hver svo sem ástæðan er má telja að hér sé um alvarlegt vandamál að ræða, soun, ef svo má að orði komast sem vert er að takast á við.

Nýir makaðir

Frumkvöðlar þrífast á markaðstækifærum. Því er umfang og eðli eftirspurnar eftir nýjum vörum og þjónustu mikilvæg umsvifum þeirra.


Upplýsingatæknibyltingin er kjörið dæmi um tækniframfarir sem hafa skapað ný markaðstækifæri fyrir frumkvöðla. Tæknin sjálf opnar frumkvöðlum nýja markaði, nýjar leiðir til að þjóna viðskiptavininum og nýjar dreifileiðir. Upplýsingatæknin skapar einnig tækifæri fyrir frumkvöðla í hugbúnaðargerð og ráðgjöf, fjarskiptaþjónustu, sölu og dreifingu sem og í framleiðslu tölva og farsíma svo að eitt-hvað sé nefnt.

Ein mikilvæg vísbending um möguleika til þróunar á þessum nýju mörkuðum er fjöldi einkatölva á innlendum markaði. Hér á landi voru 356 tölur á hverja þúsund íbúa árið 1997. Það er nokkru hærra en í ESB ríkjunum að meðaltali þar sem fjöldinn var 215 tölur en nokkru lægra en í Bandaríkjunum en þar voru 450 tölur á hverja þúsund íbúa.

Afar mismunandi er hvað einkatölur eru algengar í löndum Evrópu. Í Grikklandi voru 73 tölur á hverja þúsund íbúa árið 1997 en 363 í Noregi. Hins vegar eru hvergi í Evrópu eins margar einkatölur á hverja þúsund íbúa og í Bandaríkjunum.

Einkatölur

Fjöldi á hverja þúsund íbúa (1997)¹




Heimild: Computer Industry Almanac (1998)

Af þessum samanburði á fjölda tölva á hverja þúsund íbúa má draga þá ályktun að markaðurinn hér á landi fyrir einkatölur býður frumkvöðlum talsverða möguleika og þá kannski sérstaklega til þróunar og uppbyggingar fyrir erlenda samkeppni.

¹ Fjöldi tölva, nettenginga og farsíma á hverja þúsund íbúa tekur stöðugum breytingum. Upplýsingarnar eru því ávallt úreltar. Hins vegar ættu upplýsingarnar, sem felast í röðun landa, að vera langlífari.

Internettengingar

Fjöldi á hverja þúsund íbúa (1998)



Heimild: OECD

Frumkvöðlum tekst oft að finna nýjar leiðir í dreifingu vöru og þjónustu sem þegar eru til. Netið gefur frumkvöðlum kost á að ná til neytenda með nýjum og áður óþekktum hætti í ólíkum greinum á borð við bóksölu, ferðaþjónustu og sölu á þurrkuðum ávöxtum.


Íslendingar hafa tekið hinna nýju upplýsingatækni vel og hafa fært sér hana í nyt umfram flesta aðra Evrópubúa. Hér á landi voru 76 Internettengingar á hverja þúsund íbúa árið 1998 samanborið við 11 í löndum Evrópusambandsins að meðaltali. Einungis í Finnlandi voru fleiri Nettengingar. Nettengingar hér á landi voru einnig yfir helmingi fleiri á hverja þúsund íbúa en í Bandaríkjunum árið 1998.

Af þessum samanburði er ljóst að íslenskur markaður býður þeim frumkvöðlum, sem vilja reyna nýjar leiðir við dreifingu vöru og þjónustu, mikla möguleika. Telja má að hann sé kjörinn þróunarmarkaður — virkur og nýjungagjarn.

- ▶ Góð menntun á öllum skólastigum er nauðsynleg til þess að hér á landi þróist og dafni öflugur þekkingariðnaður. Mikilvægt er að til boða standi öflugt námsframboð í tölvunarfræði á háskólastigi og að almenn tölvuþekking sé eflað á öðrum námsbrautum, t.d. fyrir nemendur sem lokið hafa prófi í öðrum háskólagreinum. Á öðrum skólastigum, í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, þarf einnig að koma á markvissri kennslu í upplýsingatækni. Þjóða ætti hnitmiðaðar starfsmenntabrautir á sviði upplýsingatækni í samvinnu við fyrirtæki. Auka þarf áhuga og þekkingu á upplýsingatækni innan skólakerfisins.**

Farsímar

Fjöldi á hverja þúsund íbúa (1997)



Heimild: OECD

Annar mikilvægur mælikvarði á ný markaðs-tækifæri er fjöldi farsíma á hverja þúsund íbúa. Þessi mælikvarði gefur vísbendingu um hversu hratt nýr og mikilvægur markaður þróast og hversu mikla möguleika frumkvöðlar hafa til að byggja upp tengda starfsemi.

Hér á landi voru 240 farsímar á hverja þúsund íbúa árið 1997 í samanburði við 129 að meðaltali innan aðildarríkja ESB og 204 í Bandaríkjunum. Líkt og í svo mörgu öðru skera Norðurlönd sig úr að þessu leyti í

Evrópu. Það er ekki síst því að þakka að þau hafa aukið frelsi í samkeppni í fjarskiptatækni. Í Svíþjóð voru 358 símar á hverja þúsund íbúa árið 1997, 384 í Noregi og 456 í Finnlandi. Þetta hefur stutt uppbyggingu nýrra fyrirtækja, lækkað fjarskiptakostnað og hvatt til nýsköpunar í greinum sem tengjast upplýsingatækni.

- ▶ **Frumkvöðlar spretta úr virku notendumhverfi. Með því að stuðla að slíku samfélagi t.d. gengum menntakerfið, ekki síst í hátækni á borð við upplýsingatækni, geta stjórnvöld lagt grunninn að bættum lífskjörum þjóðarinnar.**
- ▶ **Íslensk stjórnvöld ættu að efla tækni-menntun á öllum skólastigum. Það á ekki síst við kennslu í notkun alls þess er tengist upplýsingatækninni. Notendamarkaður, sem byggist á þekkingu og kröfum á heimismálkvarða, kallar á uppbyggingu samkeppnishæfra innlendra fyrirtækja. Íslendingar standa framarlega á þessu sviði. Við þurfum að tryggja okkur enn frekara forskot. Örskotsleið ætti að vera milli þess að vera virkur notandi tækninnar og öflugur þátttakandi eða brautryðjandi í nýsköpun.**
- ▶ **Nauðsynlegt er að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut að tryggja frelsi og óhefta samkeppni á mörkuðum – ekki síst á fjarskiptamarkaði og öðrum mörkuðum er mynda grunn upplýsingasamfélagsins.**

■ Að hefjast handa

Líftími vöru er sífellt að styttest. Frumkvöðlar þurfa að geta stofnað fyrirtæki og hafið rekstur án tafar, óhóflegs kostnaðar og mikils fjármagns.

Einkahlutafélag er sérstaklega hentugt lagalegt form fyrir frumkvöðla þar sem það takmarkar þá áhættu sem þeir taka með rekstrinum. Það er umtalsverður munur milli landa á kostnaði og tíma sem tekur að stofna nýtt einkahlutafélag. Í Bandaríkjunum kostar um 40 þúsund krónur að stofna einkahlutafélag, rúmlega 30 þúsund í Bretlandi og


20 þúsund á Írlandi. Hér á landi kostar það tæplega 85 þúsund krónur eða rúmlega helmingi meira en í Bandaríkjunum. Inni í þeirri tölu eru einkahlutafélagaskráning, stofnauglýsing og kaup á kennitölu. Í samanburði við mörg Evrópulönd er þessi kostnaður hins vegar lágur hér á landi. Í Frakklandi, svo dæmi sé tekið, kostar rúmlega 270 þúsund krónur að stofna einkahlutafélag og tæplega 180 þúsund á Ítalíu.

Einnig er mikil munur milli landa á þeim tíma sem tekur að stofna einkahlutafélag. Spænsk yfirvöld þurfa 24 vikur til að skrá einkahlutafélag en íslensk yfirvöld einn dag. Ástandið er svipað hér og t.d. í Bretlandi og á Írlandi.

Í flestum löndum Evrópu eru einnig annars konar höft á stofnun einkahlutafélaga. Í sumum löndum er krafist vissrar lágmarksmenntunar eða sérmenntunar stofnenda. Í sumum löndum eru að auki sett takmörk á fjölda fyrirtækja sem fá að keppa á tilteknu landsvæði.

Stofnun einkahlutafélags

Tími og kostnaður (1996)



Heimild: OECD


- ▶ Stjórnvöld þurfa að tryggja nýjum fyrirtækjum greiða leið inn á markaðinn.
- ▶ Stjórnvöld þurfa að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem tálma stofnun nýrra fyrirtækja. Samhliða því þarf að efla fræðslu í viðskiptafræðum sem getur auðveldað undirbúning að stofnun fyrirtækja.

Söfnun og viðhald lögbundins lágmarksfjármagns í hlutafé getur einnig staðið í vegi fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, einkum þeirra sem nýta tækifæri sem krefjast mikils vinnuafls og/eða þekkingar.

Í Bandaríkjunum og Bretlandi er ekkert lágmark á því fjármagni sem þarf að vera bundið í hlutafé í einkahlutafélagi. Í Þýskalandi er hins vegar lögbundið tveggja milljóna króna lágmark. Hér á landi er lágmarkið hálf milljón króna.

Lágmarkshlutafé í einkahlutafélagi

í þúsundum króna (1996)



Heimild: OECD

Samkeppnishæf vara og þjónusta


Við mat á nauðsynlegum aðföngum til framleiðslunnar hefur oftast en ekki verið stuðst við raforkuverð og hitunarkostnað. Þegar litið er á kostnaðargrundvöll fyrir umsvif frumkvöðla nútímans er hann mun flóknari. Framfærslukostnaður neytenda skiptir ekki sist máli þar sem hann takmarkar getu til sparnaðar sem svo aftur er forsenda fyrir fjárfestingum og þar með starfi frumkvöðla. Framfærslukostnaðurinn ræður þannig miklu um umsvif frumkvöðla.

Framfærslukostnaður hér á landi er um 65% hærri en í Bandaríkjunum að meðaltali og hærri en í öllum löndum Evrópusambandsins. Af Norðurlöndunum fjórum, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, er kostnaðurinn við framfærsluna hæstur í Noregi. Engu að síður er hann tæplega 30% hærri hér á landi en í Noregi og 44% hærri en í Finnlandi en þar er framfærslan ódýrust á Norðurlöndunum.

Hár framfærslukostnaður er vísbending um litla samkeppni á innlendum markaði á ýmsum sviðum. Kemur þar margt til auk smæðar markaðarins, s.s. stór hlutur hins opinbera í íslensku efnahagslífi og tilhneiging þess gegnum tíðina að hefta markaðsöflin. Háir óbeinir skattar hafa hér einnig talsverð áhrif.

Framfærslukostnaður (að undanskildum húsnæðiskostnaði)


Visitala sett á 100 í New York (1998)



Heimild: IMD "The World Competitiveness Report 1999"

Húsnæðiskostnaður er ekki inni í þessum tölum um framfærslu. Sá kostnaður er lágur hér á landi í alþjóðlegum samanburði og njótum við þar – líkt og á öðrum sviðum – þess að búa ekki við sama þéttbýli. Samanburður á leigu á þriggja herbergja íbúð í eða við miðbæ borga leiðir í ljós að hér á landi er hún ekki nema tæplega helmingur þess sem hún er í Bandaríkjunum, 70% af því sem hún er í Danmörku og 90% af því sem hún er í Svíþjóð svo að nokkur dæmi séu nefnd. Svipaðar tölur fást þegar borinn er saman leigukostnaður skrifstofuhúsnæðis. Leiguverð skrifstofuhúsnæðis í háum gæðaflokki í eða við miðbæ borga er tæplega 40% hér á landi af því sem það er í Bandaríkjunum að meðaltali og tæplega 20% af því sem tíðkast í Bretlandi.

- ▶ **Frumkvöðlar þurfa aðgang að fjölbreyttri vöru og þjónustu á samkeppnishæfu verði.**
- ▶ **Stjórnvöld þurfa að flýta því að hagkerfið þróist í átt til aukins frjálsræðis. Þetta á við um alla markaði þar sem samkeppni verður hugsanlega við komið. Í tengslum við EES samninginn hefur nokkuð áunnist í þessum efnum, s.s. í innanlandsflugi og í póst- og símaþjónustu. Fleira þarf til og má þar benda á vinnslu, dreifingu og sölu raforku.**

Leiga á skrifstofuhúsnæðií þúsundum króna á fermetra á ári (1998)¹

Heimild: IMD "The World Competitiveness Yearbook 1999"

Raforkudreifing og sala er dæmi um kostnaðarsöm aðföng í framleiðslu þar sem ófullnægjandi samkeppni hefur haldið verðinu uppi. Hinn hefðbundni mælikvarði á raforkuverð í framleiðslu sýnir að staða okkar er ekki jafngóð og margir hafa viljað vera láta. Í samanburði UNIPEDE í byrjun árs 1997 kom fram að raforka í Danmörku til dæmigerðs iðnfyrirtækis (miðað við 500 kW afltopp og 4000 klst. nýtingu) er 52% ódýrari en hér og 53% ódýrari í Finnlandi. Ljóst er að með því að greina að orkusölu og orkudreifingu er fleiri aðilum í orkusölu gert keift að koma inn á markaðinn þannig að það leiði til verðsamkeppni og ætti því að stuðla að lækkun raforkuverðs.

¹ Miðað er við meðalleigu á skrifstofuhúsnæði í helstu borgum.

- ▶ **Stjórnvöld þurfa að nýta kosti einkarekstrar í ríkari mæli en nú er. Í mörgum tilvikum má bjóða út fjárfestingu og rekstur, t.d. á heilbrigðis- og menntastofnunum, veitum og samgöngumannvirkjum. Reynslan sýnir að með þessum aðferðum má ná fram verulegri og varanlegri hagræðingu í opinberum rekstri.**
- ▶ **Hér nægir ekki það eitt að breyta opinberum stofnunum eða fyrirtækjum í hlutafélög. Ríki og sveitarfélög þurfa að draga sig út úr rekstrinum með sölu þeirra fyrirtækja.**

VI. Frumkvöðlar þurfa samkeppnishæft vinnuafli

Í þessum kafla er litið á leiðir til að þróa hinn íslenska vinnumarkað þannig að hann styðji betur aukin umsvif frumkvöðla.

Vinnuafli er að öllu jöfnu stærsta auðlindin og um leið stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri. Því er virkur og sveigjanlegur vinnumarkaður forsenda atkvæðamikilla frumkvöðla. Virkur og sveigjanlegur vinnumarkaður sér vaxandi fyrirtækjum fyrir hæfu starfsfólki.

Sveigjanlegur vinnumarkaður tryggir aðgang að vinnuafli á samkeppnishæfu verði. Þetta felur í sér samkeppnishæf launakjör, mikla framleiðni og vilja til að vinna, þekkingarleit og sveigjanlega vinnutilhögun.

Í samanburði við Bandaríkin og mörg lönd Evrópu er íslenskur vinnumarkaður í mörgu erfiður fyrir frumkvöðla:

- Launakostnaður er mjög sveiflukenndur, sveiflukenndari en gengur og gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Þetta eykur m.a. á óvissuna í langtímaáætlunum frumkvöðla sem hyggja á fyrirtækjarekstur.
- Tengsl milli menntakerfisins og atvinnulífsins eru ófullnægjandi.
- Mikil jaðaráhrif í skatt- og bótakerfi draga úr vinnuvilja landsmanna og áhuga þeirra á að auka hæfni sína til starfa.

„Virkur og sveigjanlegur vinnumarkaður sér vaxandi fyrirtækjum fyrir hæfu starfsfólki.“

■ Stöðugur og samkeppnishæfur launakostnaður

Samkeppnishæfni launakostnaðar er metin út frá hlutfallinu milli framleiðni og heildarlauna, þ.e. launa og launatengds kostnaðar. Því stöðugra sem þetta hlutfall er því betra.


Laun og launatengd gjöld á hverja vinnustund í framleiðsluárinu 1997 nokkru lægri hér en bæði í Bandaríkjunum og aðildarríkjum ESB að meðaltali. Það sýnir að einhverju leyti mismun í framleiðni og uppbyggingu iðnaðarins en endurspeglar einnig efnahagsástandið almennt. Mismunur milli aðildarlanda ESB er hins vegar mikill - allt frá tæpum tvö þúsund krónum á tímann og niður fyrir 500 krónur. Í þremur þeirra voru launin lægri en hér þ.e. á Írlandi, Spáni og í Portúgal.

Lítill launatengdur kostnaður styrkir samkeppnisstöðuna. Hér á landi er launatengdur kostnaður lægri en víðast hvar í löndunum í kringum okkur bæði sem hlutfall af heildarlaunakostnaði og í krónum talið. Vegur hann 26,5% af heildarlaunum samanborið við 43,8% í aðildarríkjum ESB. Í Bandaríkjunum er hlutfallið 28,2%.

Gallinn við þennan samanburð á launum á vinnustund er að við höfum færst mikið til í röðinni frá einum tíma til annars vegna þeirra miklu sveiflna sem einkennt hafa íslenskt efnahagslíf á undanförunum áratugum. Við höfum rokið upp við ríflegar innlendar

Laun og launatengd gjöld á vinnustund

í framleiðsluárinu (1997)




Heimild: IDW, Cologne

launahækkunir en niður aftur við gengisfellningar. Á þremur árum - frá 1985 til 1987 - hækkuðu laun hér á landi í einkageiranum um rúm 108% meðan gengi krónunnar féll um 44% og laun í helstu viðskiptalöndum okkar hækkuðu um 16%. Við unnum því upp 64% mun á þremur árum. Á þessum tíma jókst framleiðni hér á landi um tæp 7% en 6% í helstu viðskiptalöndum okkar. Enginn grundvöllur var því fyrir svona miklum launahækkunum og því var gengið fellt. Innlendum fyrirtækjum var ekki tryggður stöðugur og samkeppnishæfur launakostnaður á þessum tíma.

Svipuð þróun á sér stað um þessar mundir þó að í minna mæli sé. Síðustu þrjú ár hafa

Laun á framleidda einingu

Breytingar á milli ára¹



Heimild: OECD og Seðlabanki Íslands

laun hækkað tvöfalt hraðar en í helstu samkeppnislöndum okkar. Launahækkanirnar hafa verið langt umfram það sem framleiðniaukning gefur tilefni til. Þessi þróun er einungis ávísun á gengisfall og verðbólgu. Hún er til þess fallin að veikja samkeppnisstöðuna til langframa.

Miklar sveiflur í innlendu efnahagslífi hafa valdið því að fæstir treysta því að samkeppnisstaða launakostnaðar haldist stöðug – jafnvel ekki um skamma hríð. Þetta fækkar þeim sem ráðast í fjármagnsfrékt frumkvöðlastarf hér á landi. Til að auka umsvif frumkvöðla þarf að draga úr áhættuþáttum í áætlunum þeirra. Góð samkeppnisstaða m.t.t. launakostnaðar nýtist ekki nema fjárfestar treysti því að hægt sé að byggja á slíkri samkeppnisstöðu til lengri

¹ Gildin fyrir Ísland eru vegin með meðalgengi íslensku krónunnar til að fá áhrifin á samkeppnisstöðuna.

tíma en fárra mánaða. Markmið kjarasamninga á að vera að tryggja stöðugleika og samkeppnishæft atvinnulíf. Þetta merkir að laun mega ekki hækka meira en framleiðnin getur staðið undir.

- ▶ **Markmið kjarasamninga ætti að vera að tryggja stöðugleika og samkeppnishæft atvinnulíf. Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins nái víðtækri samstöðu um þetta markmið.**
- ▶ **Með þessi sömu markmið að leiðarljósi þarf hið opinbera að sinna hagsstjórninni. Þetta á bæði við um ríki og sveitarfélög. Samhliða því að peningastjórnuninni er gert að tryggja stöðugt verðlag í landinu þarf hið opinbera að tryggja viðunandi jafnvægi á viðskiptum við útlönd með því að hafa stjórn á útgjöldum sínum.**

■ Sveigjanleiki

Frumkvöðlar eru í nýsköpun. Þeir reyna nýjar hugmyndir og taka þá áhættu að einhverjar þeirra mistakist. Þörf er á sveigjanlegum vinnumarkaði til að styðja starf þeirra.

Víðtækar og stífar reglur um vinnutíma og ráðningarsamninga draga úr verðmætasköpun fyrirtækja.

Áð meðaltali vinnur hver starfsmaður í aðildarríkjum ESB 15% færri stundir á ári en starfsmaður í Bandaríkjunum. Þetta er merki um þær hömlur sem eru á evrópskum vinnumarkaði og þá sérstaklega m.t.t. vinnutíma. Slíkar reglur og opinberar aðgerðir hafa byggst á þeirri villutrú að þær hjálpi til að fjölga störfum. Það eina, sem slíkar reglur gera hins vegar, er að draga úr samkeppnishæfni atvinnulífsins og rýra þannig lífskjör þjóðarinnar.

Hér á landi hefur vinnutíminn verið lengri en í flestum öðrum ríkjum Evrópu og jafnvel miklu lengri. Vinnutíminn í Noregi og Hollandi er nær fjórðungi styttri en hér á landi. Hins vegar eru til dæmi innan Evrópu þar sem vinnutíminn er lengri, s.s. á Írlandi. Að sama skapi er vinnutíminn hér á landi ekki lengri en í ýmsum löndum utan Evrópu. Dæmi um þetta eru Ástralía, Japan og Bandaríkin.

Meðalfjöldi vinnustunda á ári á hvern starfandi mann

Visitala sett á 100 í Bandaríkjunum (1997)




Heimild: OECD Employment Outlook (1998)

► **Einföldun laga og reglna, sem gilda um vinnumarkaðinn, er sjálfstætt markmið svo og samræming kjarasamninga. Þetta er sameiginlegt verkefni hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins.**

Fjöldi í hlutastörfum

í hlutfalli við heildarfjölda starfandi fólks (1998)



Heimild: OECD

Sveigjanlegt ráðningarfyrirkomulag gefur frumkvöðlum tækifæri til að ráða hæft starfsfólk í hlutastörf eða í takmarkaðan tíma. Slíkt fyrirkomulag hjálpar fyrirtækjum að laga sig að breyttum og ólíkum aðstæðum á markaði og dregur úr föstum kostnaði. Fyrirkomulagið gerir tilraunastarfsemi auðveldari og eykur líkur á því að vel takist til.

Fjöldi í hlutastörfum í hlutfalli við heildarfjölda starfandi fólks er einn mælikvarði á það hversu sveigjanlegt ráðningarfyrirkomulag er í hverju landi. Á þennan mælikvarða er staða Íslands góð enda takmarka lög hér á landi ekki ráðningu í hlutastörf fremur en tímabundin störf. Af heildarfjölda þeirra, sem voru starfandi hér á landi árið 1998, voru 23,2% í hlutastörfum. Einingis í fjórum aðildarríkjum OECD var hlutfallið hærra þ.e.a.s. í Ástralíu, Hollandi, Sviss og Japan. Í aðildarríkjum ESB var hlutfallið 16,0% og gætur þar áhrifa ósveigjanlegrar vinnulöggjafar. Á Spáni, svo dæmi sé tekið um land þar sem vinnulöggjöfin er óhóflega ströng, var hlutfallið 7,7%.

- ▶ **Ísland þarf á virkum vinnumarkaði að halda.**
- ▶ **Nauðsynlegt er að varðveita sveigjanleika hins íslenska vinnumarkaðar. Fyrirtæki og starfsmenn þeirra þurfa að geta haft frjálsar hendur um gerð samninga sín á milli sem kveða á um vinnutilhögun. Þetta varðar ekki síst fjölda vinnustunda og ráðningartíma.**

■ Umbun vinnuframlags


Fjárhæð tekna eftir skatta hefur áhrif á það hvort frumkvöðlar geta laðað til sín og haldið í hæfileikaríkt starfsfólk. Fjárhæðin hefur einnig áhrif á vilja starfsmannsins til að vinna, auka hæfni sína, breyta um vinnutilhögun og taka á sig aukna ábyrgð

Það er mikill munur milli einstakra landa á því hversu stóran hluta launa hið opinbera tekur til að fjármagna umsvif sín. Í mörgum Evrópulöndum eru útgjöld hins opinbera óhófleg. Kemur þetta fram í því að meðalstarfsmaður í iðnaði þarf að vinna til júliloka til að greiða þá skatta sem á hann eru lagðir í formi tekjuskatta og óbeinna skatta. Hér á landi þarf þessi sami starfsmaður að vinna til maíloka til að greiða sína skatta eða um hálfum mánuði lengur en starfsbróðir hans í Bandaríkjunum og nær mánuði lengur en í Japan.

Alls staðar í Evrópu tekur það launþega lengri tíma en í Bandaríkjunum að ljúka sínum skattgreiðslum. Í Svíþjóð er greiðslunum ekki lokið fyrr en um miðjan ágúst og í lok ágúst í Belgíu. Belgíski launþeginn nýtur því ekki nema 124 skattfrjálsra daga á ári.

Skattfrjálsi dagurinn


Tíminn þegar meðalstarfsmaður í iðnaði hefur lokið við að vinna fyrir sköttunum sínum (1998)



Heimild: SAF

Laðarskattar

Hlutfallið af auknum vinnulaunum sem meðalstarfsmaður í iðnaði þarf að greiða í skatta (1998)



Heimild: SAF




Þó að starfsfólk í Evrópu fái meiri opinbera þjónustu en í Bandaríkjunum dregur óhófleg skattlagning úr starfsvilja þess, heftir persónulegt val þess og hækkar kostnað.

Meðalstarfsmaðurinn í Evrópu fær minna af hverri kauphækkun í sinn vasa en starfsbræður hans í Bandaríkjunum og Japan. Að meðaltali þarf hann að greiða 63% af launahækkun sinni í skatta samanborið við 40% í Japan, 39% í Bandaríkjunum og 39% á Nýja-Sjálendi. Hér á landi er hlutfallið tæplega 50%.

Talsverður munur er á stöðu meðalstarfsmannsins í einstökum löndum Evrópu að þessu leyti. Í Belgíu eru nær þrjú fjórðu hlutar af kauphækkuninni teknir í skatta og rúm 70% í Þýskalandi eða nær tvöfalt það sem starfsmaðurinn þarf að greiða í Bandaríkjunum. Í Evrópu er hlutfallið lægst í Sviss 41%, tveimur prósentustigum hærra en í Bandaríkjunum.

Í mörgum Evrópulöndum eru lagðar hömlur á notkun hvetjandi launakerfa á borð við valréttarsamninga með hlutabréf. Þetta gerir það erfiðara fyrir frumkvöðla í Evrópu að laða til sín og halda hæfileikaríku fólki.

- ▶ Íslendingar þarfnast skattkerfis sem eflir starf frumkvöðla og styður.
- ▶ Stjórnvöld ættu að lækka jaðarskatta og skatta almennt samhliða því að draga úr útgjöldum sínum.
- ▶ Stjórnvöld þurfa að tryggja að lög og reglur veiti framförum í gerð kjarasamninga brautargengi og skattleggi til að mynda ekki óhóflega þá sem vilja nýta hvetjandi launakerfi á borð við valréttarsamninga með hlutabréf.





Lokaorð

Vinnuframlag okkar Íslendinga skilar minni verðmætum en vinnuframlag flestra þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Þetta þýðir að við þurfum annaðhvort að fórnar meiri frítíma eða sætta okkur við lægri tekjur en margar aðrar þjóðir. Í þessari skýrslu er á það bent að ein meginástæða þessa er að frumkvöðlar hafa ekki fengið að njóta sín sem skyldi í íslensku efnahagslífi.

Á nýju árþúsundi verða Íslendingar að taka höndum saman um að bæta skilyrðin fyrir sókn þjóðarinnar til bættra lífskjara. Þjóðin þarf að takast á við þetta verkefni sem þátttakandi í hraðri framþróun tækni og alþjóðavæðingar.

Verði íslenskum fyrirtækjum búin lífvænleg skilyrði eiga þau góða möguleika á því að vera ekki bara þátttakendur í þessari þróun heldur líka brautryðjendur — hvert á sínu sviði.

Íslensk stjórnvöld þurfa að hafa öll spjót úti til þess að bæta samkeppnisstöðuna. Það er hlutverk þeirra.



SI og UNICE: júlí 1999


Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri, þýðing og staðfærsla texta: Ingólfur Bender

Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Hönnun/umbrot: Árni Pétursson Odda hf.

Prentvinnsla: Oddi hf.



„Á nýju árpúsundi verða Íslendingar að taka höndum saman um að bæta skilyrðin fyrir sókn þjóðarinnar til bættra lífskjara. Þjóðin þarf að takast á við þetta verkefni sem þátttakandi í hraðri framþróun tækni og alþjóðavæðingar.

Verði íslenskum fyrirtækjum búin lífvænleg skilyrði eiga þau góða möguleika á því að vera ekki bara þátttakendur í þessari þróun heldur líka brautryðjendur – hvert á sínu sviði.“

„Ekki skal dregin dul á að vinnuframlag þjóðarinnar skapar meiri verðmæti um þessar mundir en oft áður. Milli árána 1997 og 1998 færðist Ísland upp um tvö sæti í áðurnefndum OECD samanburði (verðmæta-sköpun á vinnustund) og upp fyrir Japani og nágretta okkar Svía. Gætir þar eflaust áhrifa frá bættum starfsskilyrðum fyrirtækja hér á landi en þau hafa á síðustu árum nálgast það sem keppinautar í nálægum löndum búa við. Má þar nefna að með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hefur hagkerfið færst í átt til aukins frjálsræðis og alþjóðavæðingar. Þá er samkeppnin orðin virkari og rekstrarskilyrðin betri en áður var samhliða stöðugu verðlagi.“